



Nemendakönnun
Lokaskýrsla
Skólaárið 2014-2015

Gunnhildur Harðardóttir
Helena Katrín Hjaltadóttir

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Heildarniðurstöður	4
Samantekt.....	20
Samanburður á svörum kynja	23
Umbótaáætlun	24
Nemendakönnun umbótaáætlun 2014-15	25

Inngangur

Eitt af því sem grunnskólum landsins ber að framkvæma er svonefnt innra mat. Þá eru hinir ýmsu þættir skólastarfsins metnir kerfisbundið, reynt er að finna hver staðan er og hvað megi bæta. Margt að því sem velta þarf fyrir sér í matsferlinu er þess eðlis að leita verður til nemenda um svör. Með því að svara könnuninni gefst nemendum einnig kostur á því að hafa áhrif á skólastarfið. Markmiðið með fyrirlögninni er að gera góðan skóla betri.


Nemendakönnun var lögð fyrir nemendur í 5.-10. bekk í Lágafellsskóla í dagana 25. og 26. mars 2015. Ábyrgð á vinnu og framkvæmd báru deildarstjóri sérkennslu og mats og deildarstjóri Höfðabergs. Tilgangurinn með fyrirlögn könnunarinnar er að vinna með niðurstöður innan skólans til að bæta líðan nemenda og kortleggja það starf sem á sér stað í skólanum. Rafrænn spurningalisti var unninn í forritinu Lime Survey og voru spurningarnar byggðar á spurningum síðasta skólaárs með samanburð milli ára í huga. Foreldrar voru upplýstir um að nemendakönnun yrði lögð fyrir nemendur sem kallaðir voru í tölvustofu og bókasafn skólans til að svara könnuninni á veraldarvefnum. Nemendafjöldi í 5.-10. bekk þegar könnunin var lögð fyrir var 459 nemendur. Sé hlutfall kynja skoðað voru 47,55% svarenda stúlkur og 52,45% drengir. Svarendur voru 419 eða 91,28%. Könnunin inniheldur 36 spurningar og þar af eru sex opnar spurningar. Tafla 1 sýnir skiptingu nemenda eftir árgöngum. Víða eru niðurstöður flokkaðar eftir stigum og á miðstig þá við nemendur í 5.-7. bekk og elsta stig við nemendur í 8.-10. bekk.

Tafla 1. Skipting nemenda sem svöruðu könnuninni eftir árgöngum

Árgangur	Fjöldi nemenda	% af árgangi	% af heildarsvörum
5. bekkur	78	98,73%	18,35%
6. bekkur	60	89,55%	14,12%
7. bekkur	76	97,43%	17,88%
8. bekkur	63	100%	14,82%
9. bekkur	77	93,90%	15,7%
10. bekkur	65	98,48%	15,29%
Ekki lokið	6		1,42%

Heildarniðurstöður

Þegar nemendur voru spurðir um líðan þeirra í skólanum kom fram að tæplega 77% nemenda líður mjög vel eða vel í skólanum. Það hlutfall er 13% undir því viðmiði sem sett var í starfsáætlun skólans og 4% lægra en á fyrra skólaári. Séu niðurstöður skoðaðar eftir stigum og kynjum, kemur í ljós að færri nemendum á miðstigi líður mjög vel eða vel heldur en á elsta stigi. Einnig kemur fram að færri stúlkum á miðstigi líður mjög vel eða vel í skólanum en drengjum og munar þar 9% milli þeirra sem svara því til að líða mjög vel eða vel. Séu svör stúlkna skoðuð milli stiga er ljóst að færri stúlkum á miðstigi líður mjög vel eða vel en stúlkum á elsta stigi, á miðstigi svara rúmlega 66% stúlkna því til að þeim líði mjög vel eða vel en rúmlega 78% stúlkna á elsta stigi. Tæplega 4% nemenda svöruðu því til að þeim liði illa eða mjög illa og eru þeir fleiri á miðstigi en á elsta og koma stúlkur ver út en drengir.



Mynd 1. Hvernig líður þér í skólanum?

Þegar nemendur voru spurðir um hversu áhugasamir þeir væru um námið kom í ljós að rúmlega 67% nemenda sögðust vera mjög eða frekar áhugasamir um námið, rúmlega 6% nemenda sögðust hafa frekar lítinn eða mjög lítinn áhuga á náminu. Af þeim nemendum sem hafa mjög lítinn eða lítinn áhuga eru fleiri á elsta stigi en á miðstigi. Þær niðurstöður eru

sambærilegar milli ára. Séu niðurstöður skoðaðar eftir kynjum svarenda, kemur í ljós að tæplega 74% stúlkna eru mjög eða frekar áhugasamar en tæplega 61% drengja.

Tafla 2. Hversu áhugasamur/áhugasöm ertu um lærdóminn/námið þitt?

	Heildarfjöldi	Miðstig	Elsta stig
Mjög áhugasamur	20,59%	21,53%	19,60%
Frekar áhugasamur	46,81%	47,85%	45,73%
Hvorki lítið né mikið áhugasamur	26,23%	25,84%	22,63%
Frekar lítið áhugasamur	4,66%	3,35%	6,03%
Mjög lítið áhugasamur	1,72%	1,44%	2,01%

Þegar spurt var hvort nemendum þætti námið í skólanum áhugavert, kom fram að rúmlega 43% þykir námið mjög oft eða oft áhugavert. Hlutfallið er hærra meðal nemenda á miðstigi en á elsta stigi. Sé horft til kyns svarenda kemur í ljós að fleiri stúlkum en drengjum þykir námið mjög oft eða oft áhugavert og munar þar tæplega 13%. Mun fleiri drengir en stúlkur telja námið sjaldan eða aldrei áhugavert.

Tafla 3. Finnst þér námið í skólanum áhugavert?

	Heildarfjöldi	Miðstig	Elsta stig
Mjög oft	9,56%	11,96%	7,04%
Oft	33,82%	34,45%	33,17%
Stundum	42,89%	44,98%	40,70%
Sjaldan	12,01%	8,13%	16,08%
Aldrei	1,72%	0,48%	3,02%


Nemendur voru spurðir hvort þeir lærðu eins vel og þeir gætu í skólanum. Ef svör allra árganga eru skoðuð þá kemur í ljós að tæplega 83% nemenda telja að þeir læri mjög oft eða oft eins vel og þeir geta. Tæplega 88% nemenda á miðstigi telja sig mjög oft eða oft vinna eins vel og þeir geta í skólanum en rúmlega 77% nemenda á elsta stigi. Séu niðurstöður

skoðaðar eftir kynjum svarenda, kemur fram að tæplega 91% stúlkna telja sig mjög oft eða oft vinna eins vel og þær geta en rúmlega 75% drengja.

Tafla 4. Lærir þú eins vel og þú getur í skólanum?

	Heildarfjöldi	Miðstig	Elsta stig
Mjög oft	41,18%	47,37%	34,67%
Oft	41,42%	40,19%	42,71%
Stundum	16,18%	11,48%	21,11%
Sjaldan	0,98%	0,96%	1,01%
Aldrei	0,25%	0,00%	0,50%


Þegar skoðað er hvort nemendur telji að kennarar hrósi þeim fyrir vel unnin verk í skólanum kemur í ljós að tæplega 34% telja að þeim sé hrósað mjög oft eða oft sem er hækkun um 5% frá síðasta ári. Rúmlega 4% nemenda í 5.-10. bekk telja kennara aldrei hrósa sér fyrir vel unnin verk og er hlutfall þeirra hærra á unglingsstigi þar sem það er 7% en á miðstigi þar sem það er tæplega 2%. Séu kyn svarenda skoðuð kemur fram að rúmlega 7% fleiri stúlkur telja sér hrósað mjög oft eða oft heldur en drengjum og fleiri drengir en stúlkur telja sér aldrei hrósað fyrir vel unnin verk í skólanum.



Mynd 2. Hversu oft hrósa kennarar þér fyrir vel unnin verk (lærdóm/heimanám) í skólanum?

Nemendur voru spurðir hversu miklu máli það skiptir þá að standa sig vel í náminu/skólanum. Rúmlega 84% telja það skipta sig mjög miklu eða miklu máli og munar

5% á milli stiga þar sem nemendur á unglíngastigi telja það skipta sig meira máli. 10% herra hlutfall stúlkna svaraði því til að það skipti þær mjög miklu eða miklu máli að standa sig vel heldur en drengja.



Mynd 3. Skiptir það miklu máli fyrir þig að standa þig vel í náminu/skólanum?


Tæplega 67% nemenda telja að samskipti nemenda og starfsmanna séu almennt mjög góð eða góð. Nemendur á miðstigi telja að samskipti nemenda og starfsmanna séu betri heldur en nemendur á unglíngastigi. Tæplega 70% nemenda á miðstigi telja að samskipti nemenda og starfsmanna séu almennt mjög góð eða góð og hefur sú tala hækkað um 2% milli ára. Tæplega 64% nemenda á unglíngastigi telja samskiptin vera mjög góð eða góð og er það hækking um 2% frá síðasta ári. Séu svör skoðuðu út frá kynjum kemur fram að tæplega 9% fleiri stúlkur en drengir svara því til að samskipti nemenda og starfsmanna almennt séu mjög góð eða góð.

Tafla 5 . Hvernig telur þú að samskipti nemenda og starfsmanna séu almennt í skólanum?

	Heildarfjöldi	5.- 7. bekkur	8. - 10. bekkur
Mjög góð	22,55%	24,40%	20,60%
Góð	44,66%	45,45%	43,22%
Sæmileg	30,48%	28,23%	32,66%
Slæm	2,31%	1,91%	1,01%
Mjög slæm	0,00%	0,00%	0,00%


Nemendur voru spurðir hvernig samskiptum þeirra væri háttað við eftirtalda aðila; umsjónarkennara, faggreinakennara, list- og verkgreinakennara, íþróttakennara, skólastjóra/deildarstjóra, námsráðgjafa og stuðningsfulltrúa. Skoðuð voru svör þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar. Rúmlega 89% nemenda telja samskipti sín við umsjónarkennara vera mjög góð eða góð og er það nokkuð sambærilegt ef stigin eru borin saman. Rúmlega 11% fleiri stúlkur en drengir telja samskipti við umsjónarkennara mjög góð eða góð.

Rúmlega 82% nemenda svara því til að samskipti við faggreinakennara séu mjög góð eða góð og er það sambærilegt niðurstaða milli stiga. Rúmlega 8% fleiri stúlkum en drengjum þykja samskipti við faggreinakennara mjög góð eða góð. Tæplega 86% nemenda telja samskipti við list- og verkgreinakennara vera mjög góð eða góð og eru svör sambærileg milli stiga. Séu svör skoðuð milli kynja kemur fram að 4% fleiri stúlkur en drengir telja samskipti við list- og verkgreinakennara vera mjög góð eða góð. Tæplega 82% svarenda telja samskipti við skólastjóra/deildarstjóra vera mjög góð eða góð og hefur sú tala hækkað um 6% milli ára, munur milli stiga er tæplega 8% og telja fleiri nemendur á miðstigi samskiptin mjög góð eða góð heldur en nemendur á elsta stigi. Rúmlega 86% nemenda telja samskipti við stuðningsfulltrúa vera mjög góð eða góð og hefur sú tala hækkað um 8% frá síðasta skólaári. Tæplega 74% nemenda telja samskipti við íþróttakennara mjög góð eða góð og hefur sú tala hækkað um 10% frá síðasta skólaári. Munur milli stiga er rúmlega 10% og eru það nemendur á miðstigi sem eru ánægðari með samskiptin. Tæplega 83% svarenda telja samskipti við námsráðgjafa vera mjög góð eða góð. Munur milli stiga er 6% þar sem fleiri nemendur á miðstigi telja samskiptin mjög góð eða góð, munur milli kynja sýnir að fleiri stúlkur eru ánægðar með samskiptin en drengir.




Mynd 4. Hvernig eru samskipti þín við eftirtalda aðila?

Nemendur voru spurðir hvort þeir gætu leitað til umsjónarkennara þyrftu þeir á því að halda. Fram kom að tæplega 75% nemenda telja sig alltaf eða oft geta leitað til umsjónarkennara þegar þeir þurfa. Munur milli stiga var 5% þar sem fleiri nemendur á unglíngastigi en á miðstigi töldu svo vera. Ekki var marktækur munur á milli kynja.




Mynd 5. Geturðu þú leitað til umsjónarkennara þegar þú þarft?

Nemendur voru spurðir hvernig skólinn hafi tekið á þeim málum sem upp hefðu komið hjá þeim. Niðurstöður sýna að tæplega 59% nemenda svöruðu því til að þeir hefðu ekki lent í neinum málum. Af þeim nemendum sem höfðu lent í einhverjum málum töldu rúmlega 57% að mjög vel eða vel hafi verið tekið á þeirra málum og voru þær niðurstöður sambærilegar milli stiga. Rúmlega 15% töldu að illa eða mjög illa hafi verið tekið á þeirra málum. Munur milli stiga var 8% þar sem fleiri nemendum á elsta stigi þótti illa eða mjög illa tekið á sínum málum. Niðurstöður sýna að 8% fleiri stúlkur hafa lent í einhverjum málum í skólanum en drengir. Af þeim sem hafa lent í einhverjum málum þykja 5% fleiri drengjum en stúlkum að mjög vel eða vel hafi verið tekið á því sem upp kom.



Mynd 6. Ef þú hefur lent í einhverjum málum í skólanum, hvernig hefur þá verið tekið á þeim?

Nemendur voru spurðir hversu ánægðir þeir væru með sérkennslu, hefðu þeir notið þeirrar þjónustu, en tæplega 81% svöruðu því til að þeir hefðu ekki verið í sérkennslu. Af þeim sem höfðu notið sérkennslu voru rúmlega 77% mjög ánægðir eða ánægðir og hefur sú tala hækkað um 21% frá síðasta skólaári. Rúmlega 17% þótti hún í lagi og er það lækkun um 9% frá síðasta skólaári. Óánægðir og mjög óánægðir voru 5%. Ekki var munur á svörum nemenda milli stiga. Rúmlega 15% fleiri drengir eru í sérkennslu en stúlkur, 6% fleiri stúlkur en drengir sem eru í sérkennslu eru mjög ánægðir eða ánægðir með kennsluna.



Mynd 7. Ef þú ert í sérkennslu, hversu ánægð/ur ertu með hana?

Rúmlega 54% nemenda verja tveimur klukkustundum eða minna til heimanáms á viku en rúmlega 14% verja til þess fjórum klukkustundum eða meira á viku. Séu stigin borin saman kemur fram að yngri nemendur eyða minni tíma í heimanám en þeir sem eldri eru. Séu niðurstöður skoðaðar eftir kynjum kemur fram að stúlkur eyða meiri tíma í heimanám en drengir, 15% fleiri drengir en stúlkur eyða 1-2 klukkustundum á viku í heimanám og tæplega 11% fleiri stúlkur en drengir eyða 4 klukkustundum eða meira í heimanám vikulega.


Tafla 6. Hve mörgum tímum á viku eyðir þú í heimanám?

	Heildarfjöldi	Miðstig	Elsta stig
Minna en 1 klst. á viku	22,55%	24,40%	20,60%
1-2 klst. á viku	31,86%	34,45%	29,15%
2-3 klst. á viku	19,36%	19,62%	19,10%
3-4 klst. á viku	11,76%	14,35%	9,05%
4-5 klst. á viku	8,09%	1,91%	14,57%
Meira en 5 klst. á viku	6,37%	5,26%	7,54%

Næst voru nemendur spurðir hversu mikla aðstoð þeir þyrftu við heimanám sitt. Fram kom að rúmlega 12% þyrftu mjög mikla eða mikla aðstoð heima fyrir sem er sambærilegt frá síðasta skólaári. Tæplega 16% nemenda á miðstigi þurfa mjög mikla eða mikla hjálp við heimanám.


Rúmlega 8% nemenda á elsta stigi telja sig þurfa mjög mikla eða mikla aðstoð við heimanámið sem er sambærilegt frá síðasta ári.

Tæplega 6% nemenda á miðstigi telja sig ekki þurfa neina aðstoð en það hlutfall er rúmlega 24% á unglingsstigi. Séu svör skoðuð með tilliti til kynja svarenda kemur fram að fleiri drengir en stúlkur þurfa mjög mikla eða mikla aðstoð við heimanám sitt en stúlkur.




Mynd 8. Þarftu aðstoð við heimavinnuna/heimanámið?

Spurt var hvort nemendur færu sjálfir inn á Mentor. Tæplega 81% nemenda svöruðu því til að þeir gerðu það en rúmlega 19% svöruðu neitandi. Séu niðurstöður skoðaðar eftir stigum kemur fram að tæplega 98% nemenda á elsta stigi fara sjálfir inn á Mentor en rúmlega 64% miðstignemenda. Rúmlega 13% fleiri stúlkur en drengir fara sjálfar inn á Mentor. Af þeim sem nota Mentor eru það rúmlega 64% sem nota hann daglega. Ef stigin eru borin saman kemur fram að tæplega 46% nemenda á miðstigi fara daglega inn á Mentor og rúmlega 77% nemenda á elsta stigi.



Mynd 9. Hve oft notar þú Mentor?

Þegar spurt var hvort nemendur gætu skoðað einkunnir í verkefnabók Mentor svöruðu rúmlega 84% því til að svo væri. Fleiri nemendur á unglíngastigi skoða einkunnir í verkefnabók en nemendur á miðstigi. Tæplega 31% nemenda á miðstigi vissu ekki hvort þau gætu skoðað verkefnabækur.




Mynd 10. Getur þú skoðað einkunnir þínar í verkefnabók í Mentor?

Nemendur voru spurðir hvort þeir gætu treyst á að umsjónarkennarar skráðu heimavinnu í Mentor og kom fram að rúmlega 89% þeirra sem nota Mentor töldu svo vera mjög oft eða oft. Tæplega 3% töldu að sjaldan eða aldrei væri hægt að treysta á það. Mismunur var nokkur á

milli stiga þar sem nemendur á elsta stigi töldu sig frekar geta treyst á skráningar umsjónarkennara á heimavinnu í Mentor.


Þegar spurt var um aðra kennara en umsjónarkennara töldu rúmlega 76% svo vera mjög oft eða oft en tæplega 5% sjaldan eða aldrei, nemendur á miðstigi töldu sig þarna síður geta treyst á Mentor.

Nemendur voru spurðir hvort þeim fyndist vera vinnufriður í kennslustundum og töldu tæplega 40% vinnufriðinn vera mjög góðan eða góðan og er það lækkun um 4% milli ára. Tæplega 21% þótti hann slæmur eða mjög slæmur. Séu stigin borin saman kemur í ljós að rúmlega 41% nemenda á unglingastigi telja vinnufriðinn mjög góðan eða góðan en rúmlega 38% nemenda á miðstigi. Tæplega 20% nemenda á miðstigi telja vinnufrið í kennslustundum slæman eða mjög slæman en rúmlega 22% nemenda á unglingastigi. Séu niðurstöður skoðaðar eftir kynjum kemur í ljós að ekki er marktækur munur milli kynja.



Mynd 11. Hvernig vinnufriður finnst þér vera í kennslustundum?

Tæplega 77% nemenda voru mjög ánægðir eða ánægðir með síðasta foreldraviðtal sem þeir fóru í. Um 5% fleiri nemendur á unglingastigi en á miðstigi eru mjög ánægðir eða ánægðir.




Mynd 12. Hversu ánægð/ur varstu með síðasta foreldraviðtal sem þú fórst í?

Spurt var hversu ánægðir nemendur væru með mötuneyti skólans en þar svöruðu tæplega 12% því til að þeir væru ekki skráðir í mötuneytið. Af þeim sem eru skráðir í mötuneyti voru tæplega 46% mjög ánægðir eða ánægðir. Rúmlega 37% töldu það í lagi en rúmlega 17% svöruðu því til að þeir væru óánægðir eða mjög óánægðir með mötuneytið. Rúmlega 9% fleiri stúlkur eru óánægðar eða mjög óánægðar með matinn í skólanum heldur en drengir.

Tafla 7. Hversu ánægð/ur ertu með mötuneytið?


	Heildarfjöldi	Miðstig	Elsta stig
Er ekki skráð/ur í mötuneytið	11,52%	8,13%	15,08%
Mjög ánægð/ur	19,12%	19,14%	19,10%
Ánægð/ur	22,32%	25,36%	17,09%
Í lagi	32,84%	33,97%	31,66%
Óánægður	7,84%	6,22%	9,55%
Mjög óánægður	7,35%	7,18%	7,54%

Þegar spurt var hversu ánægðir nemendur væru með Lágafellsskóla kom fram að tæplega 81% voru mjög ánægðir eða ánægðir með skólann. Óánægðir eða mjög óánægðir voru rúmlega 3%. Ánægðastir eru nemendur á miðstigi og munar þar 4% á milli stiga. Munur milli kynja er 4% og eru stúlkur ánægðari en drengir.




Mynd 13. Hversu ánægð/ur ertu með Lágafellsskóla?

Lágafellsskóli vinnur eftir kenningum Uppbyggingarstefnunnar. Nemendur voru spurðir hversu vel þeir þekkja til hlutverkavinnu henni tengdri. Tæplega 80% nemenda taldi sig þekkja mjög vel eða vel til Uppbyggingarstefnunnar og eru það sambærilegar tölur milli ára. Séu niðurstöður spurningarinnar skoðaðar eftir stigum kemur í ljós að tæplega 84% nemenda á miðstigi svöruðu því til að þekkja efni stefnunnar mjög vel eða vel en rúmlega 75% nemenda unglíngastigs. Þessar tölur eru nokkuð sambærilegar milli ára. Rúmlega 8% fleiri stúlkur en drengir þekkja mjög vel eða vel mitt og þitt hlutverk.



Mynd 14. Lágafellsskóli vinnur eftir kenningum Uppbyggingarstefnunnar. Hversu vel þekkir þú mitt og þitt hlutverk?


Þegar spurt er um sýnileika Uppbyggingarstefnunnar í skólastarfinu telja rúmlega 25% hana vera mjög sýnilega. Nemendum á miðstigi þykir stefnan sýnilegri en nemendum á elsta stigi. Niðurstöður eru sambærilegar milli ára. Kynjamunur er ekki marktækur.



Mynd 15. Hve sýnileg er uppbyggingarstefnan í skólastarfinu?

Næstu spurningar varða fullyrðingar sem finna má í skólanámskrá skólans.

Nemendur voru spurðir hversu sammála þeir væru eftirfarandi fullyrðingu: „Í skólanum er hlustað á mínar skoðanir“. Í ljós kom að tæplega 56% nemenda voru mjög sammála eða sammála fullyrðingunni. Tæplega 28% voru ósammála eða mjög ósammála. Tæplega 8% fleiri nemendur á unglíngastigi en miðstigi voru ósammála eða mjög ósammála fullyrðingunni. Tæplega 10% fleiri stúlkur en drengir eru mjög sammála eða sammála fullyrðingunni.



Mynd 16. Hversu sammála ertu þessu? „Í skólanum er hlustað á mínar skoðanir“

Nemendur voru spurðir hversu sammála þeir væru fullyrðingunni: „Í Lágafellsskóla fá hæfileikar allra að njóta sín“. Í ljós kom að tæplega 61% nemenda voru mjög sammála eða sammála fullyrðingunni og hefur það hlutfall hækkað um 7% á milli ára. Tæplega 24% voru ósammála eða mjög ósammála og rúmlega 15% tóku ekki afstöðu. Fleiri nemendur á miðstigi voru mjög sammála eða sammála eða tæplega 70% en rúmlega 51% nemenda unglíngastigs. Tæplega 11% fleiri stúlkur en drengir voru mjög sammála eða sammála fullyrðingunni.

Tafla 8. Hversu sammála ertu þessu? „Í Lágafellsskóla fá hæfileikar allra að njóta sín“.

	Heildarfjöldi	Miðstig	Elsta stig
Mjög sammála	14,71%	17,22%	12,06%
Sammála	46,08%	52,63%	39,20%
Ósammála	14,95%	11,96%	18,09%
Mjög ósammála	8,82%	6,22%	11,56%
Veit það ekki	15,44%	11,96%	19,10%

Nemendur voru spurðir hversu sammála þeir væru eftirfarandi fullyrðingu: „Í Lágafellsskóla ríkir jákvætt, uppbyggilegt og afslappað andrúmsloft“. Í ljós kom að tæplega 63% nemenda voru mjög sammála eða sammála fullyrðingunni. Ósammála eða mjög ósammála voru rúmlega 21%. Fleiri voru mjög sammála eða sammála á miðstigi eða tæplega 68%. Tæplega 58% voru mjög sammála eða sammála á unglíngastigi. Hærra hlutfall stúlkna eru mjög sammála eða sammála en drengja. Niðurstöður eru nokkuð sambærilegar milli ára.

Tafla 9. Hversu sammála ertu þessu? Í Lágafellsskóla ríkir jákvætt, uppbyggilegt og afslappað andrúmsloft

	Heildarfjöldi	Miðstig	Elsta stig
Mjög sammála	14,71%	15,31%	11,56%
Sammála	46,08%	52,63%	46,23%
Ósammála	14,95%	13,40%	18,09%
Mjög ósammála	8,82%	2,87%	8,04%
Veit það ekki	15,44%	15,79%	16,08%

Nemendur voru spurðir hversu sammála þeir væru eftirfarandi fullyrðingu: „Í Lágafellsskóla nota kennararnir fjölbreyttar aðferðir við kennslu“. Svörin gefa til kynna að tæplega 74% nemenda sé mjög sammála eða sammála fullyrðingunni. Rúmlega 16% eru ósammála eða mjög ósammála. Fleiri nemendur á miðstigi voru mjög sammála eða sammála eða tæplega 82% en rúmlega 66% nemenda á unglíngastigi. Um 7% fleiri drengir en stúlkur telja kennsluhætti fjölbreytta í Lágafellsskóla.

Tafla 10. Hversu sammála ertu þessu? „Í Lágafellsskóla nota kennararnir fjölbreyttar aðferðir við kennslu“. Það þýðir að í tímum hafa kennarar mismunandi vinnuaðferðir, t.d. að vinna einn eða í hópi, þemavinnu, töflukennslu, söguaðferð eða tölvuverkefni.

	Heildarfjöldi	Miðstig	Elsta stig
Mjög sammála	20,10%	23,92%	16,08%
Sammála	53,68%	57,89%	49,25%
Ósammála	11,03%	6,70%	15,58%
Mjög ósammála	5,15%	2,87%	7,54%
Veit það ekki	10,05%	8,61%	11,56%

Nemendur voru spurðir hversu sammála þeir væru eftirfarandi fullyrðingu: „Í Lágafellsskóla er boðið upp á góða kennslu“. Í ljós kom að rúmlega 84% nemenda voru mjög sammála eða sammála fullyrðingunni en rúmlega 7% voru ósammála eða mjög ósammála. Ekki var marktækur munur á milli stiga. Tæplega 9% fleiri drengir en stúlkur voru mjög sammála eða sammála fullyrðingunni.

Tafla 11. Hversu sammála ertu þessu? „Í Lágafellsskóla er boðið upp á góða kennslu“

	Heildarfjöldi	Miðstig	Elsta stig
Mjög sammála	24,51%	31,58%	17,09%
Sammála	59,56%	53,59%	65,83%
Ósammála	6,13%	6,22%	6,03%
Mjög ósammála	0,98%	0,96%	1,01%
Veit það ekki	8,82%	7,66%	10,05%

Samantekt

Samkvæmt sjálfsmatsáætlun skólans skal leggja viðhorfskönnun fyrir nemendur í 5.-10. bekk. Könnunin sem lögð var fyrir að þessu sinni er nokkuð sambærileg á milli ára en spurningar hafa verið endurgerðar og aðlagðar þar sem þess var talin þörf.

Könnun með sambærilegum spurningum er lögð fyrir foreldra nemenda í 1.-10.bekk. Þeir þættir sem lagðir eru til grundvallar í könnuninum koma fram í stefnu skólans sem og starfsáætlun. Í starfsáætlun skólans sem unnin var fyrir skólaárið voru sett viðmið varðandi nokkra þætti skólastarfsins. Í nemendakönnuninni var spurt um þá þætti sem þar koma fram til að hægt væri að sjá hvort viðmiðum væri náð. Samkvæmt niðurstöðum nemendakönnunar líður tæplega 77% nemenda mjög vel eða vel í skólanum og er tæpum 13% undir viðmiði starfsáætlunar og 4% lægra hlutfall en á síðasta skólaári. Niðurstöður nemendakönnunar leiddu í ljós að tæplega 81% nemenda eru mjög ánægðir eða ánægðir með Lágafellsskóla en það viðmið sem sett var í starfsáætlun skólans og lítur að ánægju nemenda er 80%. Nemendur á miðstigi voru ánægðari en nemendur á elsta stigi og munar 4% þar á. Þegar spurt var um hvort nemendur teldu að kennarar notuðu fjölbreytta kennsluhætti var niðurstaðan sú að tæplega 74% töldu svo vera og er það 6% undir viðmiðum starfsáætlunar en 4% hækkun síðan á síðasta skólaári. Tæplega 56% nemenda telja að hlustað sé á skoðanir þeirra í skólanum en það hlutfall er langt undir viðmiði starfsáætlunar sem er 80%. Hlutfallið hefur þó hækkað um 6% frá síðasta skólaári. Lágafellsskóli vinnur samkvæmt hugmyndafræði Uppbyggingarstefnunnar og kannað var hversu vel nemendur þekkja til stefnunnar. Í ljós kom að tæplega 80% þekkja mjög vel eða vel til stefnunnar en það viðmið í starfsáætlun er 80%. Þegar spurt var hvort hæfileikar allra fái sín notið voru tæplega 61% nemenda mjög sammála eða sammála og hefur það hlutfall hækkað um 7% á milli ára. Viðmið í starfsáætlun er 80%.

Rúmlega 89% nemenda telja samskipti sín við umsjónarkennara vera mjög góð eða góð en umsjónarkennari er sá aðili innan skólans sem stendur næst hverjum nemanda og mikilvægt að traust ríki þar á milli. Þessi tala hefur hækkað um 17% sé horft til síðustu tveggja ára.

Nemendur voru að auki spurðir út í samskipti sín við faggreinakennara, íþróttakennara, list- og verkgreinakennara, skólastjórnendur, stuðningsfulltrúa og námsráðgjafa. Niðurstöður sýna að 74-86% nemenda þykja þau samskipti mjög góð eða góð.

Niðurstöður voru sambærilegar milli stiga hjá faggreinakennurum og list- og verkgreinakennurum. Nemendur á miðstigi eru sáttari við samskipti við stjórnendur, íþróttakennara og námsráðgjafa heldur en nemendur á unglingastigi.

Nemendur voru spurðir hvernig tekið hefði verið á þeim málum sem þeir hefðu lent í s.s. einelti, deilum við samnemendur eða starfsmenn, svöruðu rúmlega 59% því til að þeir hefðu ekki lent í neinum málum. Af þeim sem höfðu lent í einhverjum málum töldu rúmlega 57% að mjög vel eða vel hafi verið tekið á málunum og er það hlutfall sambærilegt milli stiga. Rúmlega 15% töldu að illa eða mjög illa hafi verið tekið á málum sínum.

Tæplega 77% nemenda eru mjög ánægð eða ánægð með foreldraviðtölin og eru nemendur á elsta stigi ánægðari en á miðstigi og munar 5% þar á.

Rúmlega 34% nemenda telja kennara hrósa sér mjög oft eða oft fyrir vel unnin verk. Það er hækkun um 5% frá síðasta ári og er hlutfallið hærra meðal nemenda á miðstigi en á elsta stigi.

Rúmlega 4% nemenda í 5.-10. bekk telja kennara aldrei hrósa sér fyrir vel unnin verk og er hlutfall þeirra hærra á unglingastigi en á miðstigi. Áhugavert er að velta fyrir sér þessum niðurstöðum og því, hvort huga þurfi sérstaklega að því að nemendur upplifi að þeim sé sjaldan eða aldrei hrósað fyrir vel unnin verk.

Rúmlega 43% nemenda skólans þykir námið í skólanum mjög oft eða oft áhugavert. Hlutfall þeirra nemenda sem telja námið áhugavert er hærra á miðstigi en á elsta stigi. Mun fleiri nemendum á elsta stigi eða rúmlega 19% þykir námið sjaldan eða aldrei áhugavert en það hlutfall er rúmlega 8% á miðstigi. Þessar niðurstöður eru umhugsunarverðar og vert verkefni að skoða hvernig gera megi námið áhugaverðara fyrir nemendur.

Þá vekur athygli að rúmlega 66% nemenda á unglingastigi telja að kennarar noti fjölbreyttar aðferðir við kennslu en rúmlega 82% á miðstigi. Rúmlega 84% nemenda telja þrátt fyrir ýmsar ábendingar um það sem betur mætti fara að boðið sé upp á mjög góða eða góða kennslu í skólanum. Þær niðurstöður eru sambærilegar milli stiga.

Þegar niðurstöður úr spurningum um Mentor eru skoðaðar þá kemur fram að tæplega 31% nemenda á miðstigi vita ekki eða svara neitandi þegar spurt er hvort þeir geti skoðað verkefnabækur í Mentor. Um er að ræða sambærilegar niðurstöður frá fyrra ári og mikilvægt er að kynna þennan þátt fyrir miðstignemendum. Einnig kemur fram að 36% nemenda á miðstigi fara ekki sjálfir inn á Mentor.

Þá telja mun fleiri nemendur á elsta stigi að þeir geti treyst á skráningar í Mentor en nemendur á miðstigi.

Rúmlega 54% nemenda verja tveimur klukkustundum eða minna til heimanáms á viku en rúmlega 14% verja til þess fjórum klukkustundum eða meira á viku. Séu stigin borin saman kemur fram að yngri nemendur eyða minni tíma í heimanám en þeir sem eldri eru. Áhugavert er að skoða niðurstöðurnar eftir árgöngum þar sem innan miðstigs er ljóst að stígandi er í þeirri heimavinnu sem nemendur eiga að sinna en á síðasta ári gætti ósamræmis þar á.

Þegar nemendur voru spurðir hversu mikla aðstoð þeir þyrftu við heimanám sitt kom fram að rúmlega 12% þyrftu mjög mikla eða mikla aðstoð heima fyrir sem er sambærilegt á milli ára. Rúmlega 16% nemenda á miðstigi þurfa mjög mikla eða mikla hjálp við heimanám sitt og 8% nemenda á elsta stigi.

Þegar nemendur voru spurðir um hvernig vinnufriður væri í kennslustundum sýndu niðurstöður að tæplega 40% nemenda þykir vinnufriður mjög góður eða góður. Ef niðurstöður eru skoðaðar eftir stigum kemur fram að tæplega 41% nemenda á unglingsstigi telja vinnufriðinn mjög góðan eða góðan, en rúmlega 38% nemenda á miðstigi. Rúmlega 20% nemenda á miðstigi telja vinnufriðinn vera slæman eða mjög slæman og rúmlega 22% nemenda á unglingsstigi. Mikilvægt er að skoða niðurstöður eftir árgöngum og vinna með agamál og vinnusiðferði nemenda í ljósi þessara niðurstaðna.

Fram kom að tæplega 56% nemenda telja að hlustað sé á þeirra skoðanir og hefur það hlutfall hækkað um 5% á milli ára. Tæplega 28% voru ósammála eða mjög ósammála og var það hlutfall 8% hærra á elsta stigi en á miðstigi. Velta má fyrir sér hvort bekkjarfundir með kennara, þar sem nemendur eru hvattir til að tjá sig um hin ýmsu málefni sem varða skólastarfið, séu heppilegur vettvangur til að vinna að auknu lýðræði nemenda.

Þegar spurt var út í Uppbyggingarstefnuna kemur í ljós að 80% nemenda þekkja mjög vel eða vel til stefnunnar og er það hlutfall 9% hærra meðal nemenda á miðstigi heldur en á elsta stigi. Niðurstöður eru sambærilegar milli ára.

Samanburður á svörum kynja

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og í Aðalnámsskrá grunnskóla er víða fjallað um jafnrétti kynjanna og mannréttindi. Þar er áherslan á að bæði kynin hafi jafnan rétt til náms, þátttöku í samfélaginu, fjölskyldu- og atvinnulífi. Markmið námsins, kennslunnar og starfshættir skólans skuli vera þannig að komið sé í veg fyrir mismunun m.a. vegna uppruna, kyns, kynhneigðar, búsetu, stéttar og trúarbragða.

Í jafnréttisáætlun Lágafellsskóla kemur fram að leggja skuli áherslu á að allt skólastarf miði að því að undirbúa nemendur af báðum kynjum fyrir einkalíf, fjölskyldulíf, félags- og atvinnulíf. Gæta þarf þess að námsefni mismuni ekki kynjum og í náms- og starfsfræðslu verði lögð áhersla á að kynna báðum kynjum störf sem hingað til hafa verið talin hefðbundin kvenna- eða karlastörf.

Athygli vekur að talsverður munur er á svörum kynja varðandi hina ýmsu þætti í skólastarfinu. Eftirfarandi er samantekt þess helsta.

Niðurstöður nemendakönnunar sýna að færri stúlkum en drengjum líður mjög vel eða vel í skólanum og stúlkum á miðstigi líður verr en stúlkum á elsta stigi. Hlutfall þeirra stúlkna sem eru áhugasamar um nám sitt er 13% hærra en drengja og að sama skapi er hlutfall drengja sem þykir námið sjaldan eða aldrei áhugavert um 10% hærra en stúlkna. Um 16% fleiri stúlkur en drengir telja sig mjög oft eða oft læra eins vel og þær geta í skólanum. Rúmlega 7% fleiri stúlkur en drengir telja sér hrósað mjög oft eða oft af kennurum fyrir vel unnin verk. Fleiri drengir en stúlkur telja sér aldrei hrósað fyrir vel unnin verk í skólanum. Hlutfall stúlkna, sem svara því til að það skipti þær mjög miklu eða miklu máli að standi sig vel í náminu, er 10% hærra en drengja. Almennt telja fleiri stúlkur en drengir samskipti nemenda og starfsmanna mjög góð eða góð. Um 8% fleiri stúlkur en drengir hafa lent í einhverjum málum í skólanum en 5% fleiri drengjum en stúlkum þykir að mjög vel eða vel hafi verið tekið á þeim málum sem upp hafa komið. Þegar niðurstöður er varða Uppbyggingarstefnuna eru skoðaðar kemur fram að fleiri stúlkur en drengir þekkja vel til stefnunnar. Ekki er marktækur munur milli kynja í svörum um hvort stefnan sé sýnileg í skólastarfinu eða ekki.

Rúmlega 15% fleiri drengir en stúlkur njóta sérkennslu í skólanum en þær stúlkur sem hljóta sérkennslu eru ánægðari en drengirnir. Stúlkur virðast eyða meiri tíma í heimanám en drengir og herra hlutfall drengja en stúlkna þurfa mikla eða mjög mikla aðstoð við heimanám sitt.

Um 13% fleiri stúlkur en drengir nota sjálfar Mentor. Þegar spurt var um vinnufrið kom ekki fram marktækur munur milli kynja. Herra hlutfall stúlkna en drengja er óánægðar eða mjög óánægðar með matinn í skólanum.

Stúlkur eru ánægðari með Lágafellsskóla en drengir. Hlutfall stúlkna sem þykir að hlustað sé á skoðanir allra í skólanum er 10% herra en drengja og 11% fleiri stúlkum en drengjum þykir hæfileikar allra fá að njóta sín í skólanum. Um 7% fleiri drengir en stúlkur telja að kennsluhættir við skólann séu fjölbreyttir og tæplega 9% fleiri drengir en stúlkur voru mjög sammála eða sammála því að í skólanum væri boðið upp á góða kennslu.

Framangreindar niðurstöður gefa vísbendingu um að huga þurfi sérstaklega að ólíkum þörfum kynjanna í skólastarfinu og mikilvægt er að skólinn bregðist við því.

Umbótaáætlun

Ljóst er að þær upplýsingar sem fram hafa komið varðandi skoðanir nemenda á skólastarfinu í heild nýtast skólanum vel til áframhaldandi þróunarstarfs innan skólans. Umbótaáætlun var unnin út frá niðurstöðum könnunar. Að gerð umbótaáætlunar koma allir starfsmenn skólans (sjá fylgiskjal 1).

Nemendakönnun umbótaáætlun 2014-15

Fylgiskjal 1

Markmið	Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Að huga að líðan nemenda í skólanum	Vinna markvisst með sjálfsmynd og samskipti nemenda, sérstaklega stúlkna, og greina vandann. Skoða ætti kynjaskiptingu í námshópa. Auka samstarf umsjónarkennara og foreldra og þeir beri ábyrgð og fylgi eftir málum nemenda sinna og leiti lausa í samráði við stoðkerfi. Halda Vinaliðaverkefninu áfram. Virk Uppbyggingarstefna.	Kennarar/stjórnendur og stoðþjónusta/teymi	Átak vor 2016	Samvinnu, fundi, stutt námskeið með námsráðgjafa, nemendafundi	Nemendaviðtöl, nemendakönnun, eineltiskönnun
Að nemendur upplifi að þeim sé hrósað	Hvetja og hrósa nemendum. Hugmyndavinna með nemendum, safna hrósum í krukku o.fl.	Kennarar/ aðrir starfsmenn	Átak vorönn 2016	Vilja, minna hvert annað á. Hugstormun á starfsmannafundi	Nemendakönnun/nemendaviðtöl
Efla áhuga og metnað drengja í námi	Endurskoða kennsluhætti – nýta tölvur í kennslu. Fleiri verkleg verkefni – ath. með kynjaskiptingu í námshópum.	Kennarar/deildarstjórar	Unnið á vorönn 2016	Deildarfundir/kennarafundir/fagfundir þar sem kennsluhættir eru skoðaðir.	Nemendakönnun
Að nemendum finnist hlustað á skoðanir þeirra	Lýðræðisfundir/bekkjarmyndir – auka upplifun nemenda á að raddir þeirra heyrast.	Stjórnendur/kennarar	Skólaárið 2015-2016	Auglýsa lýðræðisfundi unglingadeildar og skipuleggja slíka fundi á miðstigi. Aðkoma nemenda að innra mati og mótuneyti.	Nemendakönnun/nemendaviðtöl

Fjölbreyttir kennsluhættir	Koma betur til móts við óskir nemenda. Benda nemendum á þegar verið er að vinna á fjölbreyttan átt. Endurmenntun kennara. Fjölbreyttara námsmat, meira val.	Kennarar og stjórnendur	Skólaárið 2015-2016	Vilja og samvinnu við nemendur. Hverjar eru þeirra óskir, upplýsa þá um mögulegar leiðir í kennslu. Skýr markmið í kennsluáætlunum og betri eftirfylgni.	Nemendaviðtöl, nemendakönnun og námsmat/bættur námsárangur
Að auka vinnufrið í kennslustofum	Bæta agann inn í kennslustofum með skýrari reglum. Uppbyggingarstefnan – vinna samkv. henni. Setja skýra bottom-line. Búa verkferla. Huga að úrræðum fyrir þá nemendur sem trufla kennslu. . Viðurkenna vandann. Skýrari reglur og samstaða kennara og stjórnenda Samvinna heimila og skóla	Kennarar	Skólaárið 2015-2016	Deildarfundir/Árgangafundir/Uppb yggjarteymi/ verkferla	Nemendaviðtöl / nemendakönnun/ bættur námsárangur
Endurskoðun sundkennslu	Hvatningarkerfi sem gerir nemendum kleift að ljúka sundstigi fyrir	Stjórnendur/Íþróttakenningar.	Skólaárið 2015-2016	Endurskoðun á sundkennslu-fagfundi með stjórnendum og íþróttakennurum.	Nemendakönnun/ nemendaviðtöl
Þjóða nemendum heimanámsaðstoð	Þjóða upp á heimanámsaðstoð í skólanum	Kennarar / stjórnendur	Vor 2016	Starfsmenn og fjármagn	Nemendakönnun/ nemendaviðtöl
Samræma kröfur til heimanáms á hverju stigi	Samræma skoðanir um heimanám og leggja línur og fylgja þeim eftir. Skoða og breyta skólanámskrá í samræmi við breyttar áherslur í	Deildarstjórar vinna með hverjum árgangi. Stofan þarf teymi á milli árgagna. Deildarstjórar	Vor 2016	Deildarfundi/árgangafundi/ fagfundi og teymi	Nemendakönnun/ foreldrakönnun/ nemendaviðtöl

Efla nemendur í notkun Mentors	heimanámi. Fræða nemendur um Mentor og hjálpa þeim að verða sjálfbjarga í kerfinu	senda stefnu til foreldra. Umsjónarkennarar	Vor 2016	Umsjónartíma	Nemendakönnun
Auka þekkingu nemenda á Uppbyggingarstefnunni og gera hana sýnilegri í skólanum	Nota stefnuna markvissar í starfinu, fræða starfsmenn- Uppbyggingarteymi Samræma bottom- line og kynna fyrir nemendum	Teymi, allir starfsmenn	Vor 2016	Fundartímar	Nemendakönnun